


MONITOR



**FRÍTT
EINTAK**

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Zinger®-merkið
við kjúklingaréttina okkar
þýðir að þeir séu ríkulega
kryddaðir og virkilega
bragðmiklir!

Zinger® TWISTER®

Kryddaðar og stökkar
kjúklingalundir,
ferskt iceberg-salat,
létt piparmajones og ljúffeng salsa sósa
allt vafið saman í heita, mjúka tortillu.
Ertu til í að Twista?



699
kr.

SVOOOGOTT™

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

Darryl Farmer hitti sjálfan Barack Obama í Miami þegar forsetinn var á fullu að kynna framboð sitt árið 2008.



DARRYL Á 30 SEKÚNDUM

Aldur: 27 ára.
Uppruni: Detroit, Michigan, Bandaríkjunum.
Uppáhaldstónlistarmaður: Michael Jackson.
Frægasti einstaklingur sem ég hef hitt: Barack Obama.
Rihanna eða Lady Gaga? Rihanna.
Justin Timberlake eða Bieber? Timberlake.

MONITOR TV

Farðu inn á MonitorTV á mbl.is og sjáðu myndskaið með Darryl Farmer.

Fékk flugeld

í andlitið

Umboðsmaðurinn **Darryl Farmer** eyddi áramótunum á Íslandi og skemmti sér vel. Hann segist hrifinn af Íslandsdölinni þrátt fyrir óhapp á gamlárskvöld.

„Mig langaði að komast í tæri við Ísland og komast nær uppruna kunnanna minna,“ segir Darryl Farmer, umboðsmaður hljómsveitarinnar The Charlies og upptökuteymisins StopWaitGo um heimsókn sína til Íslands. Darryl er á landinu um þessar mundir að skoða land og þjóð. „Þegar ég segi fólki úti að stelpurnar mínar í Charlies séu frá Íslandi þá svarar fólk bara „ha?“. Sjálfur vissi ég heldur ekkert um Ísland svo mig langaði að skoða hvað ég er að vinna með í raun og veru,“ bætir hann við á léttum nótum.

„Ég var hér í Reykjavík á gamlárskvöld og fylgdist með flugeldunum og öllu því,“ segir hann en skaut hann sjálfur einhverjum flugeldum? „Ég fékk að prófa og fékk reyndar flugeld í andlitið. Það var frekar ruglað,“ segir hann hlæjandi en bætir við að hann sé heill á húfi. Úr fjölskyldustemningunni hélt hann með The Charlies og StopWaitGo-strákunum á skemmtistaðinn B5 og bar því vel söguna.

„Svo er ég búinn að sjá dálítið af landsbyggðinni, sá Gullfoss og Þingvelli og slappaði af í bústaðnum hennar Ölmu. Ég fílaði að sjá sveitina, það var gullfallett að sjá vötnin, fossana og hestarnir voru líka nettir.“

Stefnir hátt með Íslendingana

Darryl kynntist Charlies-stelpunum fyrir algjöra tilviljun í LA. „Ég var í Grammy-partí og heyrði allt í einu einhverja útlensku. Ég átti einu sinni sænska kærustu og vandist því að heyra tungumálið hennar og fannst þetta eitthvað líkt því. Þegar ég leit við sá ég Klóru svo ég spurði hvaða tungumál þær væru að tala og þær sögðu þetta vera íslensku. Ég varð steinhissa, hafði ekki einu sinni hugmynd hvar Ísland væri. Upp frá því fór ég að spjalla við þær án þess að vita einu sinni að þær væru hljómsveit. Þegar ég komst að því og kynntist smám saman hvaða hæfileika þær hafa

smullum við alveg saman. Úr varð að ég gerðist umboðsmaður þeirra. Þær kynntu mig síðan fyrir StopWaitGo og ég heillaðist alveg af nálgun þeirra á tónlist,“ en hann sér einnig um umboðsmennsku pródúsentensins Jukebox sem á að baki smelli eins og „Whip My Hair“ með Willow Smith. Hvað er þá framundan hjá honum og Íslendingunum á nýja árinu?

„Ég vonast til að „mixteipið“ með Charlies sem StopWaitGo pródúseraði haldi áfram að gera það gott og vekja enn meiri athygli. Svo kemur klárlega út breiðskífa með The Charlies á þessu ári. Síðan er ég með mörg járn í eldinum fyrir StopWaitGo. Á næstu mánuðum verða þeir að semja lög fyrir meðal annars Avril Lavigne, Madonna og Little Mix úr X-Factor sem ég reyni svo að selja þeim í kjölfarið,“ segir hann og ætla sér greinilega stóra hluti með Íslendingunum.

elg

Monitor mælir með

FYRIR ÍPRÓTTAFÓLK

Það hefur sennilega ekki farið framhjá neinum íþróttaáhugamanni að NBA-deildin hófst að nýju um jólin. Á NBA. com er hægt að verða sér úti um svokallaðan „league pass“ sem gerir fólki kleift að horfa á alla leiki. Passarnir eru fríir út næstu helgi og því er um að gera að verða sér úti um slíkan og horfa á nokkra af þeim 28 leikjum sem fram fara um helgina.



A NETINU

Það leikur sennilega enginn vafi á því að helsta umræðuefnið á kaffistofum landsins er Áramótaskaupið. Til að geta tekið þátt í umræðunum af fullum krafti borgar sig að fara inn á heimasíðu RÚV og horfa á Skaupið í annað sinn. Í sömu ferð inn á síðuna er tilvalið að horfa á frábæran áramótaþátt Hljómskálans.

GOGGINN

Skömmu fyrir áramót opnaði skyndibita- staðurinn NAM á N1 í Bildshöfða. Eins og mörgum er kunnugt er staðurinn í eigu sömu einstaklinga og færðu landsmönnum Serrano og því er um að gera fyrir forvitna matgæðinga að líta við á NAM og prófa asíska skyndibitann sem þar er boðið upp á.



Vikan á ...

facebook




David Berndsen
Hvert fer maður til að læra hugleiðslu?

3. janúar 2012 kl. 2:22



Ingólfur Þórarinnsson
Ef maður borgar með kreditkorti í Herjólf kemur skýringin í netbankanum: skemmtiferðaskíp. Er eitthvað að fara framhjá mér um borð?

2. janúar 2012 kl. 17:53



Valdimar Gudmundsson
Takk kærlega fyrir árið mínir kærur vinir. Er

ekki frá því að þetta sé skemmtilegasta ár sem ég hef upplifað á ævi minni. Sjáumst á nýju ári sem verður vonandi jafn frábært og það gamla.

31. desember 2011 kl. 20:45



Marta María Jónasdóttir
Fossvogsfrúin er trítílið núna! Getur ekki lagt

bílum í sinni götu þar sem hún var ekki rudd í dag. Hvers á maður að gjalda, ætla ekki að taka annan dag á gönguskóm.

29. desember 2011 kl. 21:12

Feitast í blaðinu

Frænkumar **Annie Mist** og **Berglind Ýr** virðast vita svo gott sem allt hvor um aðra. >>>4

Stíllinn kíkti í flottan fataskáp hjá **Sigríði Yri**, hafræðinema með meiru. >>>6

Aron Pálmars er orðinn dálítið þreyttur á því að búa bara einn í Þýskalandi. >>>8

Gnúsi Yones er búinn að stofna reggíhljómsveitina **Amaba Dama**. >>>13


Er þetta **Hildur Ýr í Lokaprófinu?** Nei, þetta er hún **Anna Gunnús**, leikkona. >>>14

Efst í huga Monitor

Það verður enginn heimsendir

Eins og flestum er kunnugt er til heimsendapjósaga þess efnis að plánetan sem við byggjum eigi að fara til fjandans þann 21. desember á þessu ári. Dagsetningin er sögð fengin frá hinni fornamerísku þjóð Majum þótt margir deili um það hvort hún hafi á annað borð verið sett fram sem dómsdagsspá eða ekki. Dagatal Majanna náði einfaldlega ekki lengra en 21. desember 2012.

Hvort sem um eiginlega dómsdagsspá var að ræða eða ekki þá deila sennilega margfalt fleiri um hvort spáin reynist sönn eður eigi. Til að andmæla þessari bölsýni og hjátrú tók Monitor saman þrjár góðar ástæður sem afsanna það að meintur heimsendir komi til með að eiga sér stað í desember næstkomandi. Listinn er svohljóðandi:



1 Marty McFly* hefur komið til ársins 2015.

2 Bruce Willis myndi alltaf koma til bjargar.

3 Hljómsveitin Busted* hefur komið til ársins 3000.

Eins og sjá má er ekkert að óttast. Mannkynið og plánetan Jörð verða á sínum stað að ári og um okomin ár ef út í það er farið. Því ætti fólk að geta lagst áhyggjulaust á koddann að kvöldi til 20. desember. Höfum ekki áhyggjur að óþörfu. Húrra fyrir engum heimsendi!

*Hver man ekki eftir hljómsveitinni McFly sem var eiginlega alveg eins og Busted?

Tárast alltaf yfir kvikmyndum

Frænkurnar **Berglind Ýr** og **Annie Mist** tóku árið 2011, settu það í pípu og reyktu það. Monitor forvitnaðist um hversu vel þessar framúrskarandi frænkur þekkjast.

HVERSU VEL ÞEKKJAST ÞÆR?

1. HVER ER UPPÁHALDSMATURINN HENNAR?
2. HVER ER HENNAR HELSTI ÓTTI?
3. HVADA FRÆGU MANNESKJU MYNDI HÚN HELST VILJA FARA MEÐ Í HÁDEGISMAT?
4. EF HÚN ÞYRFI AÐ VELJA SÉR STARFSGREIN AF EFTIRFARANDI, MYNDI HÚN VELJA AÐ VERA BÓNDAKONA, FYRIRSÆTA EÐA FORSTJÓRI Í FYRIRTÆKI?
5. HVER FINNST HENNI VERA HEITASTI KARLMAÐUR HEIMS?
6. HEFUR HÚN LENT Í SLAG?
7. HVADA SNYRTIVÖRU GÆTI HÚN EKKI VERIÐ ÁN?
8. HVER ER HENNAR HELSTI KOSTUR AÐ EIGIN MATI?
9. HVER ER HENNAR HELSTI KOSTUR Í ALVÖRUNNI?
10. HVORT VELUR HÚN FREKAR AÐ HITTA VINKONURNAR EÐA KÚRA MEÐ KÆRÓ Á FÖSTUDAGSKVÖLDUM?
11. HVAD ÆFIR HÚN OFT Í VIKU?
12. HVADA LAG TEKUR HÚN Í KARAÓKÍ?
13. HVORT ER HÚN MEIRI KATTA- EÐA HUNDAMANNESKJA?
14. HVENÆR GRÉT HÚN SÍÐAST?

MONITOR TV
Farðu inn á **MonitorTV** á **mbl.is** og sjáðu frænkurnar flílast.

Annie um Berglindi

- 10 stig**
1. Hamborgarhryggur. **RÉTT**
 2. Köngulær og álíka kvikindi. **RÉTT**
 3. Einhverjum mjög góðum dansara eða kannski Orlando Bloom.
Rétt svar: Peter Jackson og kannski helsta genginu úr Lord of the Rings.
 4. Forstjórinn. **RÉTT**
 5. Einhver af krúttlegri týpunum.
Rétt svar: Ætli það sé ekki bara Ryan Gosling.
 6. Nei. **RÉTT**
 7. Maskara. **RÉTT**
 8. Hvað hún er jákvæð. **RÉTT**
 9. Hún er dugleg.
Rétt svar: Samviskusöm.
 10. Held hún myndi vilja blanda þessu saman. Kúra með kæró meðan hún spjallar við vinkonurnar. **RÉTT**
 11. Alla virka daga í skólanum. **RÉTT**
 12. Hún yrði eflaust ekki mjög spennit fyrir því en tæki ábyggilega eitthvað hressit. **RÉTT**
 13. Hún hefur átt meira af köttum en er samt mjög hrifin af hundum vinkonu sinnar og hefur verið að spá í að fá sér hund svo ég segi bæði best. **RÉTT**
 14. Þegar hún vann Dans, dans, dans, held ég. Hef að minnsta kosti ekki séð hana gráta mikið yfir jólin. Það gæti samt verið að hún hafi horft á Lord of the Rings um jólin.
Rétt svar: Í gær, yfir bíómynd.

Jafntefli!

Berglind um Annie

- 10 stig**
1. Hún pantar sér alltaf quesadillas. **RÉTT**
 2. Að standast ekki væntingar. **RÉTT**
 3. Hún myndi koma með mér og Lord of the Rings-genginu í hádegismat.
Rétt svar: J. K. Rowling.
 4. Forstjóri í fyrirtæki, ekki spurning. **RÉTT**
 5. Brad Pitt eftir að hún sá hann í Troy. **RÉTT**
 6. Nei. **RÉTT**
 7. Græna púðurmeiksins frá Clinique. **RÉTT**
 8. Viljastyrkur.
Rétt svar: Sjálfssöryggi.
 9. Hún hefur endalausa kosti svo það er erfitt að segja en hún er alveg rosalega metnaðarfull.
Rétt svar: Ánægð með lífið.
 10. Kúra með kæró því þau hittast svo sjaldan. **RÉTT**
 11. Einu sinni til tvisvar á dag en tekur alltaf einn hvíldardag í viku. **RÉTT**
 12. Öruglega eitthvað með Dikta ef það er í boði. **RÉTT**
 13. Hún er með ofnæmi fyrir báðum tegundum en ef svo væri ekki myndi hún klárlega frekar fá sér hund. **RÉTT**
 14. Yfir sorglegri mynd í síðustu viku, hún grætur yfir flestum kvikmyndum.
Rétt svar: Yfir sorglegri mynd fyrir tveimur dögum.

Þetta er fínt. Ég hélt að hún myndi rústa mér.

Annie Mist

Mér líst vel á þessi úrslit, hefði átt að giska á J. K. Rowling samt!

Berglind Ýr



Íþróttastuðningshlífur

 **BAUERFEIND®**



Æfingaboltar- og dýnur



Íþróttabrjósthaldarar





**ÞÆGILEGASTA**

Þessi peysa er í sérstöku uppáhaldi því það er bæði hægt að nota hana hversdags og líka í eitthvað fínna.

NÝJASTA

Ég sá þennan jakka á Spáni en nenni ekki að máta og tók sénsinn og keypti hann og svo passar hann bara fullkomlega í svarta jakkasafnið mitt.

**ELSTA**

Hef verið að leita mér af Duffle Coat síðan ég horfði á Paddington-sjónvarpsþáttinn fyrir mörgum árum. Fann þessa í Topshop og er mjög sátt með hana.

**DÝRASTA**

Fann þennan kjól í London og fór nokkrum sinnum inn í búðina að máta hann en tímdi aldrei að kaupa hann, en fann hann svo í annarri búð fyrir algjöra tilviljun á finum afslætti og þá leið mér eins og ég hafði unnið stærsta vinninginn í lottói.



Vinkonurnar helsta fyrirmyndin

Að þessu sinni kíkti **Stíllinn** á smekkskvísuna hana **Sigríði Ýri Aradóttur** en hún er 21 árs hagfræðinemi við Háskóla Íslands. Sigríður hefur mikið yndi af tísku og leyndist margt fallett í fataskápnunum hennar.

BESTA

Í sumar ákvað ég að breyta til og fjárfesta í buxum þar sem ég hef ekki átt buxur í nokkur ár og sé sko alls ekki eftir því þar sem ég hef varla farið úr þeim síðan.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?

Einfaldur, kvenlegur, þægilegur og blár.

Átt þú þér fyrirmynd hvað varðar tísku og fataval?

Held það séu aðallega vinkonur mínar þar sem þær eru duglegri en ég að fylgjast með tískunni og lesa tískublogg og svo eru þær almennt bara mjög smart.

Hvar verslar þú helst fötin þín?

Yfirleitt er það þegar ég fer erlendis og þá eru það Forever21, Urban Outfitters, Steve Madden og auðvitað H&M.

Hvaða snyrtivara gætir þú ekki verið án?

Rakakrems og Blistex-varasalva.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar?

Fjögurra blaða smára eða tattúíð sem Mike Tyson er með.

FLOTTASTA

Ég er með eitthvað „thing“ fyrir samfestingum þó svo ég finni sjaldnast tækifærin til þess að nota þá. Þennan fékk ég í Urban Outfitters og hann er extra skemmtilegur þar sem þetta er eina gráa flíkin mín.





LJÓTT!

MICHELLE WILLIAMS

Michelle er nú oftast flott þegar hún klæðir sig upp en sagan var önnur þegar hún mætti í þessum Valentino blómakjól á Golden Globe-hátíðina. Munstrið passar ekki við tilefnið og er þetta allt hálfhallærislegt.

ANGELINA JOLIE

Fallegustu konu heims vilja sumir kalla hana, en eitt er víst að hún er allavega gullfalleg í þessum græna Versace-kjól sem hún klæddist á Golden Globe-hátíðinni í janúar síðastliðnum. Vel gert Angelína.



FLOTT!



FLOTT!

EMMA STONE

Emma verður fallegri með hverju árinu og bætir hún sig í fatastílnum líka. Hér er hún hreint út sagt glæsileg í ferskjulit-uðum Calvin Klein-kjól sem er fallega fleginn í bakið. Án efa einn flottasti kjóllinn árið 2011.

CIARA

Söngfuglinn fer alveg út af laginu í þessum Emilio Pucci-kjól á Grammy-verðlauna-hátíðinni í maí síðastliðnum. Hún líkist einna helst ofurhetju, sem er ekki jákvætt.



LJÓTT!

Bestu og verstu kjólarnir árið 2011


Nú þegar nýtt ár er tekið við er við hæfi að fara örlítið yfir liðið ár og taka saman það minnisstæðasta. Flottir og ljótir kjólar sem stjörnurnar klæddust á árinu sitja oft fast í manni og fór **Stíllinn** yfir þá bestu og verstu.



LJÓTT!

HELEN BONHAM CARTER


Harry Potter-nornin verður skritnari með hverju ári og eru kjólarnir hennar í samræmi við það. Hér er hún í klinkuðum kjól eftir Vivienne Westwood og í sitt hvorum skónum. Þarf að segja meir?



JANUARY JONES

Mad Men-stjarnan er djörf þegar kemur að því að velja kjól fyrir verðlaunahátíðirnar og er hún ekki hrædd við að prófa eitthvað nýtt. Hér hittir hún beint í mark með þessum fallega Carolina Herrera-kjól.

FLOTT!



LJÓTT!

FLORENCE WELCH

Knáa söngkonan er oft frekar töff til fara en hún fór alveg yfir strikið í þessum Givenchy-kjól á Grammy-verðlaunahátíðinni í maí. Hún líkist helst fugli í þessum kjól, ekki nógu gott.



FLOTT!

EVAN RACHEL WOOD

Leikkonan knáa mætti á Emmy-verðlaunahátíðina í þessum geggjæða Elie Saab-kjól og er stutta hárið fullkomið við. Hún fær fullt hús stiga fyrir glæsilegt kjólaval.



FLOTT!

MINKA KELLY

Þessi dökkblái Christian Dior-kjól er unaðslegur og er Minka glæsileg í honum. Hún klæddist kjólnum á síðustu Emmy-verðlaunahátíð og má með sanni segja að hann vakti mikla lukku.



LJÓTT!

RIHANNA

Söngdíván er óhrædd við að prófa nýja hluti og hittir oft í mark. Hérna skítur hún hins vegar upp á bak í þessum Jean Paul Gaultier-kjól. Þetta er bara of furðulegur kjóll.

FLOTT!



MILA KUNIS

Þessi bomba mætti glæsileg til fara á Óskarshátíðina í febrúar síðastliðnum. Hún var í lillabláum Elie Saab-kjól með fallegum blúndum og með hárið snyrtilega uppsett sem passar vel við kjóllinn.

JENNIFER LOVE HEWITT

Draugaspjallarinn var ekki að gera góða hluti í þessum Romona Caveza-kjól á Golden Globe-verðlaunaafhendingunni í febrúar. Perlurnar og efri partur kjólsins er alls ekki að hitta í mark.



LJÓTT!

Ekki lengur „ungí gæinn“

Aron Pálmarsson er á meðal efnilegri íþróttamanna sem Ísland hefur alið af sér og hefur þrátt fyrir ungan aldur unnið til stærstu titlanna í handboltaheiminum. Hann ræddi Counter-Strike, kvenhyllina, landsliðið og lífið sem atvinnumaður við Monitor.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Það er fyrir tilvist ungra manna eins og Arons Pálmarssonar að landsmenn geta glaðst yfir því að stemningin sem myndast í kringum velgengi „strákanna okkar“ í handboltalandsliðinu láti sig líklega ekki vanta á næstu árum. Stór nöfn í handboltaheiminum keppast við að ausa yfir hann lofi og segja margir hann geta orðið besta handboltamann heims. Í dag spilar hann með einu besta félagsliði heims í handboltaborginni Kiel sem er í klukkutíma akstursfjarlægð frá Hamborg. Hann segir að flestar íþróttir liggi fyrir honum, en hann varð til dæmis Íslandsmeistari í körfubolta í kringum tólf ára aldur, en getur þó lítið í skvass. „Ég prófaði það á æfingu hjá Kiel um daginn og hélt að það yrði ekkert mál en var vægast sagt vonlaus,“ segir þessi vonarstjarna íslenskra íþróttar.

Byrjum á máli málanna. Hvernig fannst þér Áramóta-skaupið?

Mér fannst það bara gott. Ég er ekki pólitískur og oft hef ég ekkert skilið allt þetta Icesave-grín og eitthvað en þetta árið skildi ég allt þetta pólitíska. Þótt ég búi úti þá fylgist ég það vel með netmiðlunum, til dæmis af því ég bý einn, svo ég var alveg með á nútunum. Norska dæmið var reyndar svartur blettur á Skaupinu, mér fannst það of mikið.

Hvað er málið með þig og handbolta, af hverju ert þú svona góður?

Það má eiginlega segja að ég hafi fengið þetta í vöggugið. Ég hef alltaf verið góður í boltaíþróttum, var í fótbolta, körfubolta og handbolta. Þetta byrjaði líka snemma, afi minn var yfir Kaplakrika svo ég var þar frá því ég var eins árs. Ég var farinn að drippa og allt þetta mjög snemma.

Þú hefur verið útnefndur efnilegasti leikmaðurinn á heimsmeistarakeppni og nýliði þýsku úrvalsdeildarinnar auk þess sem þú ert gjarnan kynntur í fjölmiðlum sem efnilegasti handboltamaður heims. Ert þú sá efnilegasti?

Nú er ég búinn að vera úti í tvö og hálf ár, búinn að vera í landsliðinu í þrjú ár og mig langar dálítið að fara að líta á mig sem góðan, ekki bara efnilegan. Auðvitað er það þannig að ef gaur er ungur og góður þá er hann alltaf kallaður efnilegur en mig langar að fara að taka næsta skref. Ég var náttúrulega ungur þegar ég fór út í þessa sterku deild og svona þannig að ég get alveg viðurkennt að ég sé allavega með þeim efnilegri.

Þú hefur sagt í viðtali að þú ætlir að verða besti leikmaðurur í heimi. Er þetta markmið eitthvað sem þú vaknar með í huga á hverjum morgni eða hugsar um á hverjum degi?

Nei, ég væri nú að ljúga ef ég segði að ég vaknaði alltaf með þetta í huga. Þetta er ekkert skrifað á spegilinn minn. Lífsstíllinn minn, hvernig ég lífi úti í Þýskalandi til dæmis, miðar samt að því að ég geti gert eins vel og ég get og ef það felur í sér að ég verði bestur, eins og mér hefur stundum verið sagt að ég geti orðið, þá næ ég markmiðinu.

Þú varst fimmtán ára þegar þú lékst þinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir FH. Hvenær fórst þú að stunda handboltann af alvöru og æfa þig meira en aðrir?

Það hefur verið fljótlega eftir það, þegar ég var svona sextán ára. Mér fannst alltaf miklu skemmtilegra í fótbolta en síðan gerðist það að maður fór að heyra raddir á lofti um að ég ætti möguleika á að verða besti handboltamaðurur í heimi og auðvitað hafði það ákveðið aðdráttarafl. Á sama tíma var ég byrjaður að heyra af áhuga frá liðum í útlöndum, ég var að spila með U17 landsliðinu þegar ég var fimmtán ára og því meiri sem athyglin varð, því meiri áhuga fékk ég á að fara alla leið með þetta.

Hefðir þú líka getað náð langt í fótbolta?

Mig langaði alltaf að verða atvinnumaðurur í fótbolta og æfði handbolta á veturna en fótbolta á sumrin. Að lokum hætti ég í fótbolta þegar ég var sextán til að verða atvinnumaðurur í handbolta. Ári seinna vantaði síðan flokkinn minn í FH markmann í fótbolta, eins og ég segi er ég með ákveðið boltagen, svo ég ákvað að prófa að henda mér í markmið í fótbolta. Áður en ég vissi af var ég síðan mættur á meistaraflokksæfingar sem markmaður og

boðaður á KSÍ-æfingar. Þegar ég var sautján eða átján var nánast stríð innan FH um hvort ég ætti að velja fótboltann eða handboltann (hlær).

Þú varst nítján ára þegar þú fórst til Þýskalands í atvinnumennskuna og bjóst þá einn í fyrsta skipti. Hringdir þú einhvern tímann grátandi af heimþrá í fjölskylduna eða fékkst að gista heima hjá Alfreð Gíslasyni, þjálfara liðsins?

Guð minn góður, ég færi nú ekki að gista hjá þjálfaranum mínum. Þegar ég lít til baka þá var fyrsta árið alveg fáránlega erfitt. Mamma og pabbi komu reyndar með mér fyrsta mánuðinn en þú getur rétt ímyndað þér hvernig þetta var fyrir mig að vera einn þarna úti nítján ára. Ég kunni ekki að setja í vél, ég kunni bara ekkert. Ég þurfti að redda mér íbúð og allt í einu fór maður að fá reikninga og það tók slatta tíma að venjast þessu. Ég finn samt að fyrir tveimur árum var ég miklu uppteknari af því þegar ég saknaði Íslands. Ég var kannski að setja „status“ á Facebook eins og: „Mánuður í að kallinn komi á Klakann!“ en í dag er ég miklu rólegri, þótt það sé auðvitað alltaf gaman að koma heim. Núna líður mér orðið svo vel úti, tungumálið er komið og eftir fyrsta árið varð þetta strax auðveldara.

Ert þú búinn að læra að setja í vél?

Ég er búinn að læra að setja í vél en verð reyndar að viðurkenna að það kemur til mín kona af og til sem þrífur heima hjá mér. Það er reyndar kannski kjánalegt að segja frá því en hún kemur alveg tvisvar, þrisvar í mánuði. Hún setur líka í vél, án þess að ég biðji hana um það, en ég var svo sem ekkert að biðja hana um að hætta því.

Ég var á IRC-inu, viðurkenni það alveg, en ég fór hins vegar aldrei á Skjálfta. Ég fór sem sagt aldrei alla leið með CS-nördann, ég passaði mig á því.

Mér skilst að þú hafir átt kraftmesta smábíl landsins, svartan Yaris á krómfelgum. Tókst þú hann með út til Þýskalands eða ert þú búinn að skipta honum út fyrir annan bíl?

Ég er ennþá á þessum bíl hér heima, foreldrarminir mínir keyra um á honum þegar ég er úti. Í Þýskalandi á ég Audi en ég er samt minnsti bílagæi í heimi. Þegar ég fór og pantaði bílinn minn gerði ég þetta bara voða einfalt. Ég bað um að fá að sjá bæklinginn, benti á ákveðinn bíl sem virtist finnst og var ekkert að þæla í því meir. Ég er ekkert að elta við einhver hestöfl. Seinna fattaði ég að það var búið að eiga eitthvað við bílinn sem ég keypti, setja í hann einhverja túrbóvél og ég veit ekki hvað og hvað, svo sölumaðurinn hafði greinilega hækkað verð bílsins um einhverjar þúsundir evra án þess að láta mig vita.

Logi Geirsson, vinur þinn, sagði að þú værir trúlega á topp tíu yfir bestu Counter-Strike-spilara á landinu og svo góður að þú kæmist í „Ice-clan“.

Er þetta rétt? Ég spilaði grimmt þegar ég var í grunnskóla og við Logi vorum þá saman í þessu. Ég var nú ekki alveg svona góður, þótt ég hafi alveg verið vel inni í þessu. Ég var á IRC-inu, viðurkenni það alveg, en ég fór hins vegar aldrei á Skjálfta. Ég fór sem sagt aldrei alla leið með CS-nördann, ég passaði mig á því. Ég skil samt alveg að Logi segi þetta af því að hann var svo ógeðslega lélegur (hlær). Undir lokin var hann reyndar alltaf að spila þetta úti í Þýskalandi og varð svo sem seigur.

Mér skilst að vinir þínir séu duglegir að heimsækja þig til Þýskalands. Byður þú þeim út þegar þú ert kominn með leiða á tölvuleikjunum þínum?

Ég býð þeim nú ekki út en þeir eru það flottir að þeir kíkja til mín þegar þeir eiga frí. Flestir þessara stráka eru einmitt á kafi í íþróttum sjálfir, þannig að fótboltamennirnir hafa í raun allan veturinn til að kíkja í heimsókn þar sem tímabilið þeirra er á sumrin. Þeir sýna því áhuga að koma svo það er hrikalega gott.

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 190790.

Uppáhaldsmatur: Lambkjötið hjá ömmu minni.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Vörðuberg 12b.

Uppáhaldshandboltamaður: Aron Pálmars-son.

Eftirminnlegasta markíð: Þegar ég skoraði á móti Haukum fyrir framan fullan Krika árið 2008. Það voru 15 sekúndur eftir og markíð tryggði okkur sigur.

Æskufyrirmynd: Ég var líka í fótbolta sem strákur og þá leit ég upp til Eiðs Smára og svo Óla Stef.



Heimildir Monitor herma að þú eigir ágætissögu af vini þínum sem læstist úti.

Tveir félagar mínir voru í heimsókn hjá mér eina helgina. Þeir fóru aðeins út á lífið á laugardagskvöldinu en ég átti að keppa á sunnudaginn svo ég skutlaði þeim niður í bæ fyrir miðnætti og fór síðan bara heim að sofa. Þeir voru bara með einn lykil en annar þeirra fór heim á undan hinum og sofnaði en hinn kemur heim klukkutíma seinna. Hann er þrúður gæi og vildi ekkert vera að vekja mig enda leikur daginn eftir. Hann þorði ekki að dingla svo ég vaknaði morguninn eftir með fimmtán ósvaraðar hringingar frá honum því síminn var á „silent“ og síðan fjögur SMS sem í stóð: „Elsku Aron minn, fyrirgefðu að ég sé að trufla svefninn en viltu vera svo vænn að opna fyrir mér?“ Ég sá þetta náttúrulega ekkert fyrr en morguninn eftir þegar ég vaknaði og brunaði niður í gestaherbergi þar sem hann átti að sofa. Sem betur fer var hann nú kominn inn í herbergið þá því hinn hafði vaknað, en þá var hann samt búinn að sofa á tröppunum í tvo tíma og hafði síðan skokkað út í hraðbanka og eitthvað til að halda á sér hita. Þetta var í desember og það er alveg harður vetur þarna. Eins og ég sagði við hann eftir á hefði ég nú alveg getað komið og opnað fyrir honum og farið aftur að sofa.

Á Twitter-síðunni hefur þú skrifað „21 árs, handboltamaður, 220!“ í dálkinn þar sem venjan er að skrifa lýsingu á sjálfum sér. Stendur 220 fyrir póstnúmer hverfis þíns eða fyrir kílóin sem þú tekur í bekkpressu? Bara bæði. Nei, nei, ég er enginn lyftingafauti. Þetta er að sjálfsgöðu Hafnarfjarðarstoltið.

Ert þú massaðasti leikmaður íslenska landsliðsins?

Nei, það eru nokkur naut þarna. Lexi (Alexander Petersson) er flottur, hann er líka svo skorinn. Diddi (Ingimundur Ingimundarson) varnartröll er líka hefllottur. Ég myndi nefna þessa tvo, þeir eru grjótharðir.

Ef þú kíkir út á lífið hér á Íslandi gerir maður ráð fyrir að þú fái mikla athygli. Er fólk að stoppa þig og jafnvel áreiða þig? En í Kiel eða Hamborg?

Ég lendi alveg í því og það þora náttúrulega allir að segja eitthvað þegar þeir eru búnir að fá sér aðeins. Vinir mínir segjast ekki einu sinni nenna að labba með mér milli staða niðri í bæ því það getur tekið klukkutíma, segja þeir. Þetta hefur samt aldrei verið eitthvað vesen en einstaka sinnum er ég kannski stoppaður af gæjum sem hreyta í mig: „Ég var nú miklu betri en þú í fjórða flokki!“ Ef ég svara: „Já ókei, hvar ertu að spila í dag?“ þá eru þeir nú yfirleitt fljótir að halda kjafti. Annars finnst mér viðmót Íslendinga gagnvart íþróttamönnum bara jákvætt. Kiel er nú algjör handboltaborg svo fólk veit hver maður er þar en í Þýskalandi er fótboltinn númer eitt, tvö og þrjú svo aðalstjórnurnar eru fótboltamennirnir.

Fylgir þessu kvenhylli?

Það vita það náttúrulega allir að það fylgir því athygli að komast í handboltalandsliðið og maður finnur fyrir því. Ég væri að ljúga ef ég segði eitthvað annað. Ég er auðvitað á lausu svo þá er kannski auðveldara fyrir stelpur að vera að gera eitthvað.

Maður hefur stundum heyrt íþróttamenn tala um að um leið og þeir eru komnir á góð laun fari ymsir einstaklingar í kringum þá að



viðtalið

kroppa í þá í von um að fá þá með sér í fjárfestingar eða eitthvað annað tengt peningum. Hefur þú lent í slíku? Ég hef ekki lent í neinu þannig en guð minn góður hvað ég á orðið marga vini á Íslandi. Þeir eru allt í einu fleiri en áður en ég fór út, án þess að ég hafi verið að halda sambandi við þá. Ég hef samt aldrei lent í því að fólk sé að biðja um pening eða neitt.

Þegar þú klúðrar færi í leik með Kiel, hvort blótar þú á þýsku eða íslensku?

Á íslensku. Ég blóta samt aðallega bara inni í mér, held að fólk taki ekkert mikið eftir því nema þegar ég geri eitthvað mjög lélegt.

Framundan er EM. Þú segir að þig langi að taka skrefið upp úr því að vera efnilegur og nú er ljóst að leiðtogi síðustu ára, Óli Stef, verður ekki með á mótinu. Myndir þú segja að ábyrgðin á þér verði þá meiri en áður?

Já, ég hugsá það. Hingað til er ég búinn að vera „ungi gæinn“ en mig langar að smátt og smátt hætti fólk að tala

um mig sem slíkan eða að ég megi gera mistök af því ég er ungur. Ég finn klárlega fyrir meiri og meiri ábyrgð, bæði með landsliðinu og Kiel, og ég nærast á því. Mér finnst ég betri þegar það er smá pressa á mér.

Hvernig upplifir þú það að spila landsleik á móti stærstu handboltaþjóðum heims vitandi að öll íslenska þjóðin sé að fylgjast með fyrir framan sjónvarpstækin heima? Stressast þú ekki upp?

Ég stressast alls ekki upp, maður þælir ekki mikið í því þó að maður heyri auðvitað að það sé 90% áhorf á landsleikina eða eitthvað. Það er frábært og maður finnur fyrir stuðningnum. Auðvitað erum við alltaf sjúklega þakklátir fyrir stuðninginn því það hefur alveg komið á daginn að við í íslenska landsliðinu erum ekki að spila þessa leiki fyrir peninginn. Aftur á móti ætlaði danska landsliðið einu sinni að neita því að spila af því þeir áttu ekki að fá einhvern dagpening upp á 30.000 kr. á dag, við erum ekki með 15% af því. Þetta snýst um þjóðarstoltið, að spila fyrir íslenska landsliðið er ótrúlegt. Ég spila fyrir framan 10.000

manns með Kiel í hverri viku en fæ samt miklu meiri gæsaúð þegar ég spila með landsliðinu í Höllinni fyrir framan 3.000 manns í mesta lagi.

Sérð þú fram á að mennta þig eitthvað eftir handboltaferilinn?

Ég hef ekkert þælt í því. Það er allavega ekki efst á óskalistanum að fara út í þjálfun, eins og margir íþróttamenn gera en svo veit maður ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég á jafnvel eftir að mennta mig á meðan ég er úti en ástæðan fyrir því að ég er ekki byrjaður á því er bara af því ég er ekkert að þæla í því akkúrat núna. Það verður bara að koma í ljós hvað ég geri eftir ferilinn.

Hvernig verður árið 2012 fyrir Aron Pálmarsson?

Það verður bara jákvætt. Ég ætla mér að vinna alla titla sem í boði eru, það er bara einfalt. Svo er ég búinn að vera einn úti í tvö og hálf ár og það má alveg fara að breytast. Það væri mjög gaman að prófa það. 2012 verður vonandi ennþá betra en 2011 og fullt af nýjungum.

ÞETTA EÐA HITT?

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti.

Amerískur fótbolti eða póker? Amerískur fótbolti.

Ef þú yrðir að velja annað hvort, hvort myndir þú spila handbolta með Haukum eða fótbolta með KR? Oj bara, ætli það yrði ekki fótbolti með KR. Ég gæti aldrei spilað handbolta með Haukum.

Ef þú yrðir að velja annað hvort, hvort myndir þú vinna sem ruslakarl eða líksnyrtir og af hverju? Líksnyrtir, því það er líklega betur borgað.



■ ■ Það eru nokkur naut barna. Lexi er flottur, hann er líka svo skorinn.

Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir

Starf: Snyrtifræðingur
Áhugamál: Fitness

Egils



SVARAÐU ÞORSTANUM

V BRENNSLA er nýr, bragðgóður og hitaeiningasnaður íþróttadrykkur. Hann inniheldur L-Karnitín og vítamín, sem hjálpa þér að ná markmiðum þínum.

- ✓ Eykur náttúrulega brennslu líkamans
- ✓ Fáðu þér svalandi V BRENNSLU og náðu enn betri árangri

Innihald í 500 ml

Niasín 12 mg	Fólasín 150 µg	Biótín 37,5 µg	B5 4,5 mg	B6 1,05 mg	B12 1,9 µg
75%	75%	75%	75%	75%	75%

Hlutfall af ráðlögðum dagskamti

L-KARNITÍN
1000 mg
í hverri flösku

„Ég oft verið á dagatölum en aldrei á réttum tíma.“ -Marilyn Monroe.

FERILLINN



Michelle Williams

Hæð: 163 sentimetrar.
Besta hlutverk: Marilyn Monroe.
Staðreynd: Safnar sjaldgæfum útgáfum bóka og er mikill lestrarhestur.

Eitruð tilvitnun: „Ég var alin upp við ævintýri um prinsessur og er rómantísk. Ég vil vera eins manns kona.“

1980 Fæddist þann 9. september í bænum Kalispell í Montana-fylki Bandaríkjanna.

1993 Leikur lítið hlutverk í einum þætti af Baywatch.

1994 Kemur fyrst fram á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni Lassie.

1996 Hættir í skóla eftir að hafa verið lögð í einelti í mörg ár.

1997 Flytur til Los Angeles til að einbeita sér að leiklistinni og er ekki lengi að næla sér í hlutverk í unglíngadramanu Dawson's Creek sem skýtur henni og Katie Holmes upp á stjörnuhimininn.

2004 Kynnist ástralska leikaranum Heath Ledger við tölur á kvikmyndinni Brokeback Mountain.

2005 Fær tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í Brokeback Mountain. Sama ár eignast hún sitt fyrsta barn með ástmanninum Heath Ledger.

2007 Tilkynnir að ástarsambandi sínu og Heath Ledger sé lokið.

2008 Er hundelt af fjölmörgum eftir andlát Ledger og ákveður að gefa engin viðtöl í rúmt ár. Á í stuttu ástarsambandi við leikstjórnann Spike Jonze.

2010 Túlkar hina látnu eiginkonu Leonardo DiCaprio í kvikmynd leikstjórans Martin Scorsese, Shutter Island. Sama ár fær Williams tilnefningu til Óskarsverðlaunanna sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Blue Valentine.

2011 Nælrir sér í hlutverk Marilyn Monroe í kvikmyndinni My Week With Marilyn. Aðrar leikkonur sem sóttust eftir hlutverkinu voru til dæmis Kate Hudson, Scarlett Johansson og Amy Adams. Michelle er tilnefnd til fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína í myndinni.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

My Week With Marilyn

Myndin segir frá einni viku sem Colin Clark (Eddie Redmayne) eyddi með goðsögninni Marilyn Monroe (Michelle Williams). Clark starfaði sem aðstoðarmaður við gerð kvikmyndarinnar The Prince and the Showgirl þar sem Marilyn fer með aðalhlutverkið en myndin var tekin upp árið 1956 í Englandi. Handritið er byggt á tveimur dagbókum Clark sem hann skrifaði á meðan tölum kvikmyndarinnar stóð en hann var þá nýútskrifaður úr Oxford-háskóla og hafði með mikilli þrauseigu tekist að fá vinnu við gerð myndarinnar. Monroe kom til vinnu við myndina ásamt eiginmanni sínum, Arthur Miller, en þau voru þá nýgift. Mikið fjölmiðlafar upphófst í Englandi við komu Marilyn til London og mikil spennan ríkti fyrir þessu verkefni hennar sem enginn annar en enski leikarinn Sir Laurence Olivier leikstýrði. Marilyn leitaði mikið til aðstoðarmannsins Clark eftir

að eiginmaður hennar þurfti að fara heim á undan henni til Bandaríkjanna. Hún var órugg og einmana og var Clark fús til að gera hvað sem hann gat fyrir hina undurfögru kvikmyndastjörnu. Eftir því sem tím-inn leið á tókustað varð leikstjórnin kná sífellt stíðari í skapi vegna óstundvísu Monroe sem var farin að tefta tölur og samskiptin veruðu með degi hverjum.

My Week With Marilyn er tilnefnd til Golden Globe-verðlauna sem besta mynd ársins í flokki gaman- og söngmynda en einnig eru þau Michelle Williams og Kenneth Branagh tilnefnd til verðlaunanna sem bestu leikarar ársins fyrir frammistöðu sína í myndinni.

Leikstjóri: Simon Curtis.
Aðalhlutverk: Michelle Williams, Eddie Redmayne og Kenneth Branagh.
Lengd: 99 mínútur.
Aldurstakmark: Ekkert.
Kvikmyndahús: Háskólabíó.

Aðrar frumsýningar: 50/50 • Tinker, Tailor, Soldier, Spy

FRUMSÝNDAR FÖS. 6. JANÚAR

f VILTU MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á My Week With Marilyn, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR



Tiny Places

MMMMM

Tegund: Þrautaleikur

PEGI merking: 3+

Útgefandi: Gogogic

Tungulipra kamelljónið

Einfaldir þrautaleikir hafa riðið röftum síðustu mánuði og ár með tilkomu snjallsíma og spjaldtölva. Ófá okkar hafa fleygt fuglum í Angry Birds eða fóðrað dýrið í Cut the Rope. Nú á dögnum kom út nýr þrautaleikur fyrir iPad og iPhone sem nefnist Tiny Places frá íslenska leikjaframleiðandanum Gogogic.

Söguþráðurinn er á þá leið að sjö ára gamalli skátastúlku hefur áskotnast kamelljónið Napóleon sem gæludýr og er hún búin að þjálfa það upp til að sleppa úr hinum ýmsu aðstæðum, en skátakvikindið hefur sett okkar mann í kassa með þrautum og þarf Napóleon að dúndra sér um boxið og finna þar útgang.

Í hverjum kassa eru staðsettar skrifur sem Napóleon getur slengt tungu sinni um og er það svo markmið leikmanna að skjóta dýrinu um borðið þvert og endilangt. Þegar lengra er komið birtast skrifurnar í hinum ýmsu litum og þurfa þá leikmenn að breyta um lit á Napóleon til að hann geti fest sig við þær, en það er gert með því að skjóta honum yfir límmiða sem eru í sama lit. Auk þess birtast á borðum leiksins allskyns hlutir sem gera þau meira krefjandi og för Napóleons erfðari. Eins og í öðrum þrautaleikjum berjast leikmenn við að ná sem flestum stjörnum

og er hægt að ná þremur stjörnum fyrir hvert borð, en það er gert með því að sprengja litlar flugur sem flögga víðsvegar um. Einnig eru leikmenn verðlaunaðir fyrir allskyns svara hluti þannig að það er stanslaus jákvæð hvatning í gangi.

Tiny Places inniheldur þrjá mismunandi heima sem hver inniheldur sextán borð og hafa framleiðendurnir lokað að fleiri borð detti inn áður en langt um líður.

Grafikin í leiknum er mjög góð og vel sambærileg við það besta sem við þekkjum í þessum flokki leikja og má sérstaklega nefna svipbrigði kamelljónsins sem eru dreyfyndin. Tónlist leiksins er mjög gleðileg og kemur manni í gott stuð sem er nauðsynlegt þegar maður hand-leikur tungulipra kamelljónið.

Þegar öllu er á botninn hvolft er Tiny Places skemmtilegur þrautaleikur sem stytir manni vel stundir, en lengir þó klósettferðirnar sem hefur vakið grunsemdir hjá sambylilisfólki mínu.

Ólafur Þór Jónsson



KVIKMYND



Ekki hægt að biðja um meira

Það er hægt að deila um það hvort það hafi verið nauðsynlegt að gera Hollywood-útgáfu af þrúleiknum hans Stieg Larsson. Sænsku myndirnar voru mjög góðar en þegar maður heyrði að David Fincher myndi leikstýra varð maður fljótt spennur. Fincher er í algjörum toppklassa. Það er bara þannig.

Í The Girl with the Dragon Tattoo nær hann að skapa þetta drungalega andrúmsloft sem einkennir svo mikið sögurnar. Myndin hefur í raun allt. Húmor, drama, spennu og atriði sem voru svo ógeðsleg að maður gat varla haldið augunum opnum. Þeir sem héldu að Hollywood myndi klúðra þessu verða hreinlega að kíkja á þessa því sjón er sögu ríkari. Leikararnir eru hver öðrum betri og tónlistin er frábær. Fincher heldur áfram að nota Quake-goðsögnina Trent Reznor. Stíllinn hans smellpassar við svona myndir.



Frábær Rooney Mara

Það sem stendur upp úr The Girl with the Dragon Tattoo er frammistaða Rooney Mara. Hún leikur að sjálfsgöðu Lisbeth Salander. Margslungin og flókin persóna sem erfitt er að túlka en Rooney leikur sér að þessu. Svo talar hún með mjög svölum sænskum hreim. Það er einhver óskarsfnykur í loftinu. Daniel Craig er einnig góður og ná hann og Rooney mjög vel saman. Christopher Plummer var flottur sem Henrik Vanger. Fullkomið að velja Plummer. Stellan Skarsgard leikur svo Martin Vanger. Hann er ótrúlega traustur leikari og skilar einhverjum veginn alltaf sínu. The Girl with the Dragon Tattoo kemur ekkert á óvart fyrir þá sem þekka sögurnar og hafa séð sænsku myndina en hún er bara svo vel gerð að fólk verður hreinlega að sjá hana. Þér mun ekki leiðast.

Því get ég lofað. Tví-mælalaut ein af bestu myndunum á árinu 2011.

Tómas Leifsson



THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO

MMMMM

AMABA DAMA ER EKKI MIKID FYRIR DRAMA

Kaldir Íslendingar vilja sjóðheitt reggí

„Maður fer í sólbað inni í sér við að hlusta á reggí,“ segir reggígúruíð **Gnúsi Yones** en hann frumsýnir nýtt reggímýndband **Amaba Dama** um helgina.

„Þetta er á hraðri uppleið,“ segir tónlistarmaðurinn Gnúsi Yones um vinsældir reggítónlistar á Íslandi um þessar mundir. „Við erum búin að halda sextán reggíkvöld sem hafa öll vakið mikla lukku,“ segir hann en plötusnúðahópurinn RVK Soundsystem sem Gnúsi tilheyrir hefur staðið fyrir skemmtikvöldum þar sem leikin er reggítónlist úr öllum áttum. „Maður hefur alltaf verið að spila eitthvað íslenskt reggí eins og lögin okkar eða Hjalma en svo erum við líka að bjóða upp á meira grasrótarreggí,“ útskýrir Gnúsi sem segir reggíkvöldin greinilega hafa vantað í skemmtanaflóru Reykjavíkinga um langa tíð. „Það er eins og fólk hafi hálfpartinn verið að bíða eftir einhverri tilbreytingu,“ segir hann og bendir á að reggíkvöldin séu tilvalin fyrir fólk sem vill dansa fram á nótt. „Fólk mætir yfirleitt frekar snemma og er á dansgólfinu allt kvöldið,“ segir Gnúsi sáttur með viðtökurnar.

Týndist í hip-hop sem unglingur

Um helgina verður sautjándi reggíkvöld RVK Soundsystem haldið á Faktóry og verður nýjasta tónlistarmýndband Gnúsa

Yones við lag sem hann gefur út undir hljómsveitarnafninu Amaba Dama. Honum til aðstoðar eru hljóðfæraleikarar sem koma meðal annars úr reggíveitinni Ojba Rasta svo hér er á ferðinni heljarinnar veisla fyrir reggíáhugamanninn. Sjálfur segist Gnúsi vera forfallinn reggíáðdáandi. „Ég er reggí alla leið,“ útskýrir hann og bendir á að reggírætur hans liggi aftur til barnæsku. „Ég hlustaði mikið á þetta sem krakki en týndist svo í hip-hop tónlist á unglingsárunum eins og svo margir,“ segir Gnúsi en hann var einmitt í hip-hop hljómsveitinni Subterranean fyrir tæpum 15 árum síðan sem þykir vera ein af frumkvöðlum íslenskrar hip-hop tónlistar. „Núna er ég aftur búinn að finna mig í reggíinu og þar á ég svo sannarlega heima,“ segir reggíséniúð mikla.

Eins og að fara í sólbað

„Ég verð náttúrulega að segja Bob Marley, það er engin spurning,“ segir Gnúsi aðspurður um helstu átrúnaðargoð sín í reggíinu en nefnir einnig til leiks Barrington nokkurn

Levy. „Hann er svona söngvari sem er ótrúlegur og ég held að flestir séu sammála mér í því.“ Gnúsi segist enn eftir að fara í pílgrímsferð til Jamaíka á söguslóðir Marleys en stefnir þó að því. „Það væri ekki amalegt að fara upp í fjöllin þarna og kynna kultúrnum betur,“ segir hann dreyminn og bendir á að kultúrinn í reggítónlist sé einn sá mest áberandi í tónlistarheiminum. „Reggí hefur alltaf verið mjög sterkur kultúr, sérstaklega á Jamaíka og fólk tengir tónlistina við það,“ bendir Gnúsi á og veltir því upp að kultúrinn sé mögulega ástæðan fyrir því að Íslendingar hafi áður fyrr ekki hlustað mikið á reggítónlist. „Flestir sjá fyrir sér hvítar stendur Jamaíka, sól og næstum finna fyrir hitanum þegar þeir hlusta á reggí svo það er einmitt frábær leið til að flýja kuldann að hlusta á smá Bob Marley,“ segir Gnúsi réttilega. „Maður fer í sólbað inni í sér við að hlusta á reggí,“ fullyrðir hann og hvetur kulna Íslendinga til að mæta á sjóðheitt reggíkvöld um helgina. „Þetta verður vel sveitt,“ segir Gnúsi spennur fyrir helgina.

sj

„Fabjúlöss“ forseti

Nú er árið 2012 gengið í garð með tilheyrandi fagnaðarlátum, nýársheitum að Áramótaskaupinu ógleymsdu. Eins og venja er voru helstu ráðamenn landsins nýttir sem grínefni og slapp okkar virðulegi forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, svo sannarlega ekki frá þeim flokki. Daginn eftir, á nýársdag, komst forsetinn svo enn í sviðsljósið þegar hann tilkynnti þjóðinni að hann hygðist að öllu óbreyttu ekki gefa kost á sér í komandi forsetakosningum.

Viðbrögðin við yfirlýsingunni létu ekki á sér standa. Samstundis loguðu netheimar með fréttum og vangaveltum um hverjir ætluðu sér að freista þess að verða næsti forseti. Ýmsir verðugir einstaklingar voru þar nefndir til sögunnar en fyrir mitt leyti er borðleggjandi hver ætti að taka slaginn. Ég vil diskódívuna Pál Óskar Hjalmtýsson á Bessastaði.

Hugmyndin er ekki ný af nálinni og er engan veginn frá mér komin. Nú þegar er til rúmlega 3.000 manna hópur á Facebook sem ber einmitt yfirskriftina „Pál Óskar á Bessastaði“. Mætti því segja að þar væru strax komnir þau 1.500 meðmæli sem tilvonandi framþjóðandi þarf að afla sér hið minnsta áður en hann býður sig fram. Reyndar er trúlega erfitt að finna betur liðinn einstakling hérlandis en þennan meistara glæstrar sviðsframkomu.

Hefst hér upptalning ætluð efasemdarmönnum. Í fyrsta lagi er títtnefndur Páll Óskar sérfræðingur í að halda flottar veislur. Það líður vart sá mánuður að maður sjái ekki auglýsta tónleika eða ball sem hann kemur að með einum eða öðrum hætti. Að svo mæltu nefni ég hversu magnað það væri ef erlendur leiðtogum sem heim-sækja Ísland væri ekki boðið í uppstíf kokteilboð á Bessastöðum heldur alvörudiskótek þar sem forseti lýðveldisins sjálfur þeytti skífum og tæki lagið. Að minnsta kosti myndi ég gefa margt fyrir að fréttar af Hillary Clinton dansandi frá sirka tólf til sjö í teiti hjá Páli Óskari.

Iðru lagi, hversu vel myndi Páll Óskar njóta sín á sjónvarpsskjáum allra landsmanna í nýársávarpi? Með fullri virðingu fyrir ávörpum Ólafs Ragnars þá myndi það aldeilis lífga upp á forsetaávarpin og reynast skemmtileg tilbreyting að hlýða á Pál Óskar með sínum landsþekktu



PÁLL ÓSKAR ÞJÓÐINNI
GLEÐILEGS NÝS ÁRS

handarhreyfingum sem gefa orðum hans margfalt vægi. Allt yrði svo miklu meira „bjútfúl“ á Bessastöðum.

Iþriðja lagi, hversu vel myndi Páll Óskar njóta sín í einhverjum „gordjöss“ einkennisbúningi forseta líkt og konungborinn fulltrúi lands og þjóðar?

Síðast en ekki síst hafa Íslendingar löngum verið brautryðjendur þegar kemur að kjöri æðstu embættismanna. Þar dugir að nefna að hér á landi var fyrsti

Iðru lagi, hversu vel myndi Páll Óskar njóta sín á sjónvarpsskjáum allra landsmanna í nýársávarpi?

þjóðkjörni kvenforsetinn og nýlegasta dæmið er það þegar Jóhanna Sigurðardóttir settist í stól forsætisráðherra og gerðist þar með fyrsti samkynhneigði þjóðarleiðtoginn svo vitað sé til. Hvort tveggja eru þetta atriði sem Íslendingar geta verið stoltir af enda liðir í því að stuðla að framþróun í hinum ýmsu jafnréttismálum nútímasamfélags. Því væri kjörið að við Íslendingar kórónuðum dæmið með því að kjósa Pál Óskar, þjóðþekktasta homma landsins, í embætti forseta.

Að öllu gamni slepptu er ég sannfærður um að Páll Óskar væri flott sameiningartákn þjóðarinnar enda einlægur og metnaðargjarn maður með eindæmum. Hann kemur svo sannarlega alltaf til dyranna eins og hann er klæddur og hefur sýnt það fyrir löngu að hann hefur fallegan mannúðarboðskap að leiðarljósi í því sem hann gerir. Hann veit einfaldlega hvað hann syngur.

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is





JARÐSKJÁLFTAR Í LONDON
Laugardagurinn 7. janúar
Smíðjan kl. 16:00

Byrja hvern skjálfta í Vesturbæjarlauginni

Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands heldur áfram sýningum á verkinu Jarðskjálftar í London eftir Mike Barlett en uppsetningin fékk frábærar viðtökur fyrir áramót. „Við erum búin að fá mjög góða umfjöllun bæði í Víðsjá og Djöflaeyjunni og svo fengum við náttúrulega fjórar stjórnur í Fréttablaðinu,“ segir Tinna Sverrisdóttir sem leikur í sýningunni ásamt bekkjarfélögum sínum. Það er ekki nema von að Tinna sé sátt með viðtökurnar og segist hún hlakka mikið til að byrja að sýna verkið aftur eftir stutta pásu. „Ég er svo rosalega ánægð með karakterinn minn, hana Jasmine, og ég er mjög spennst að fá að leyfa henni að lifa aftur,“ útskýrir Tinna og bætir við að hún hafi lært mikið af karakternum sínum eins og oft er sögð raunin í leikhúsunum. Nemendaleikhúsið samanstendur af nemendum á lokaári í leiklist við Listaháskóla Íslands og er hópurinn að vanda mjög samheldinn. Tinna segir hópinn vera búinn að skapa ákveðna hefð á sýningardögum. „Við byrjum alltaf á því að hittast í Vesturbæjarlauginni og förum þar í pottinn og gufuna til að slaka á öllu. Svo förum við og borðum saman áður en við hitum okkur upp,“ segir Tinna og hvetur alla til að koma og sjá sýninguna en aðeins fimm sýningar eru eftir. Miðinn kostar 1.500 krónur en námsmenn fá miða á sérkjörum á aðeins 1.000 krónur.



fílófaxið

fimmtudagur 5 jan

PIKNIKK, LOW ROAR OG MYRRA RÓS
Café Rósenberg
21:00 Einvala lið tónlistarmanna slær saman í tónleika til að afla fjár fyrir væntanlega tónleikaferð Myrri Rósar og hjómsveitar til Póllands. Myrri heldur af stað í reisuina í enda janúar og því ekki seinna vænna að halda smá fjóröflun. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.



föstudagur 6 jan
PRETTÁNDABRENNUR
Margir staðir
17:00 Monitor hvetur lesendur sína til að skella sér á prettándabrennu til að keyra helgina í gang. Brennumar eru haldnar víðsvegar um land og er fátt notalegra en að ylja sér við eldinn um leið og jóln er kvædd í bili.

I LOVE THE 80'S
Glaubar
20:00 Fögnuður starfsfólksins á Nitjándu verður opið öllum. Um er að ræða tryllt 80's parti og eru gestir hvattir til að nota hugmyndaflugio við búningaval. Plötusnúðurinn Seth Sharp mun leika öll helstu lögin frá tímabilinu fyrir gesti.

PRETTÁNDAGLEÐI ANDREW D'ANGELO
Café Rósenberg
21:00 Einlægir jazzáðáendur mega ekki missa af tónleikum bandaríska altósaxófónleikarans Andrew D'Angelo. Kauði kom til landsins og hélt frábæra tónleika ásamt íslenskum meðspilurum sínum svo hér gefst þeim sem misstu af honum í fyrra tækifæri til að sjá þennan framúrskarandi jazzista á sviði. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

laugardagur 7 jan
DAM, JOSEFIN OG GURU
Café Rósenberg
22:00 The Dam Sisters, Josefín Winther og Cynic Guru leika fyrir gesti Rósenberg. 1000 kall inn og orðið á götunni er að stuðió verði allsráandi.

LOKAPRÓFIÐ

| 5. janúar 2012 |
skólinn

Ég heiti ANNA GUNNÓIS GUÐMUNDSDÓTTIR Ef ég væri ekki Anna Gunnóis myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að 'EG LÉK HILDI LÍF Í ÁRAMÓTASKAUPIÐU 2d

Það erfðasta við að leika Hildi Líf í Áramótaskaupinu var a) Þrjústaskoran... eða haka b) orðafordinn gæirvörtunum c) búningurinn ofan í... d) að leika á móti Ladda e) allt ofantalið en það skemmtilegasta við hlutverkið var án efa BERVÍÐ & FA AÐ HAGA MÉR EINS & FÍSEL...

Draumahlutverkið mitt er Agla 'I Frost' WJÓ REYNI LYNGDAL en ég fengist seint til að leika ' ENDOUGGERÐINI AF THE LAKE HOUSE.

Ef ég væri ekki leikkona vildi ég helst vera a) læknir b) lögfraeðingur c) lögga d) ljósamaður e) WORLD CHAMPION SURFARI af því að ÞAD ER EKKERT BETRA EN NA EINI GÓÐRI 'ÓLDU

Kynþokkafyllsti íslenski leikarinn er a) Ingvar E. b) Björn Hlynur. c) Björn Thors. d) Hilmir Snær. e) ... SORRY UNNUR!

Mér finnst best að búa EINHVERSSTAÐAR a) í Reykjavík ÞRÁI HEIMILI! b) á Akureyri af því að ÞAD ER EINS OG OUTDOOR SPA

Það sem fáir vita um mig er AD ÉG GET TEKIÐ NAFLAUN 'A MÉR ÚT...

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:
Anna Gunnóis



- a) Anna Hlunnðis
- b) Anna Svava Knútsdóttir, leikkona
- c) Anna í Grænuhlíð
- d) Anna Frank
- e) Kofi Annan
- f) Anna Kournikova, af því að ÞA VÆRI EG GEDVEIK I TENNIS, VERI ALLTAÐ 'HOTPANTS & HEÐI FARÍÐ I SLEIK VU) ENRIGVE



Núna langar mig mest í IGLESÍAS!
a) barn
b) bíl
c) beju BRIMBRETTI
d) bctox
e) brjnkukrem
af því að ÞAD BYRJAR 'A B... OG MIG LANGAR I ÞAD!

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá BETTE DAVIS EFA MERYL STREEP til að leika mig en líklega yrði það samt MARIA HOUND STEFANSJÓTTIR

Uppáhaldsmaturinn minn er SÚKKULAFRITHUÐUÐ JABBARVER en ég borða alls ekki EISTU AF NEINU DYRI

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í hádegismat með a) Hildi Líf b) Victoriu Beckham c) Beyoncé Knowles d) Völu Grand e) Önnu Mjöll ÞAD GÆÐ ÉG SPURT HANA ÚT I 'HÍ MYNDUM DANSA "I'M A SINGLE LADY" - DANSINN & DREKKA KAMPÁVIN. Síðasta sms sem ég fékk var frá ASDÍSI SIGURDÓTTUR og í því stóð: LOVE YOU MORE THAN CUM- SHOTS!

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa VANTAR LITLA, DARTA 'BUÐ/STUÐIÓ'BUÐ I REYKJAVÍK SEM FURST!

Síðast en ekki síst

» Guðrún Ólafsdóttir, söngkona White Signal, fílar:

Kvikmynd: Ég pæli ekki mikið í kvikmyndum. Hins vegar hef ég horft á myndina Taken að minnsta kosti sex sinnum, hún er í uppáhaldi.


Þáttur: Friends er alltaf klassísk. Ég er vanalega ekki með nýjustu seríurnar á hreinu þannig að flest allt af því sem ég horfi á er eitthvað sem allir eru löngu búnir að sjá.

Bók: Efnafraedi eftir Þóri Ólafsson. Útgefin af Námsgagnastofnun 1995. Það er með ólíkindum hvað hægt er að leggja yfir þessu. Hlakka til að lesa um afoxun koparoxíðs. Nó djók.

Plata: A Funk Odyssey með Jamiroquai. Nánast öll bestu lögin þeirra eru á þessari plötu. Við í White Signal erum með tvö af lögnum þeirra á „cover-listanum“ okkar.

Vefsíða: Stærsti hlutinn af þeim tíma sem ég eyði á netinu fer án efa í hangs á Facebook. Það er bara alltaf svo mikið að gera og Facebook er langbesta leiðin til þess að taka púlsinn á vinahópnunum.

Staður: Jörðin. Langmest kósi staður í vetrarbrautinni.



NÝTT BLÁBERJA BRAGÐ

FITULÍTILL - MINNA EN 1% FITA

PRÓTEINRÍKUR-
25G PRÓTEN



HÁMARK LÉTT LEIÐ AÐ SETTU MARKI



Extra



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufrnis í tyggigúmmil

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.